

REGLUR um breytingu á reglum, nr. 2/2017, um árangursviðmið söluflokka

1. gr.

4. gr. skal vera svohljóðandi:

Lágmarkstímabil vöru í söluflokki (reynslu-, kjarna- og sérflokk) er 12 mánuðir.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að miða lágmarkstímabil vöru í söluflokknum sérflokkvið sölutíma vörubirgða, þ.e. að ÁTVR geri aðeins ein innkaup og lýkur þá sölutímabili vörunnar þegar birgðir eru uppseldar.

Á lágmarkstímabili, skv. 1. og 2. mgr., skal vara ekki felld úr söluflokki á grundvelli árangursviðmiða.

2. gr.

Í töflu í 6. gr. skal fjöldaviðmiðum fyrir vöruvalsdeild B1 breytt úr „2“ í „3“ fyrir hvern og einn af færslumánuðunum sex, þ.e. febrúar, apríl, júní, ágúst, október og desember.

Í töflu í 6. gr. skulu vöruvalsdeild B2 og viðmið sem henni fylgir, sbr. neðangreind lína, felld út:

B2	90	1	1	1	1	1	1
----	----	---	---	---	---	---	---

3. gr.

Fella skal út „B2,“ í 8. gr.

4. gr.

Í töflu í 10. gr. skal fjöldaviðmiði fyrir vöruvalsdeild B1 breytt úr „70“ í „100“.

Í töflu í 10. gr. skulu vöruvalsdeild B2 og fjöldaviðmiðið 30 sem henni fylgir, sbr. neðangreind lína, felld út:

B2	30
----	----

5. gr.

Fella skal út orðin „vöruvaldeild,“ og „eða í hverjum vöruhópi,“ í 12. gr.

Í stað töflu í 12. gr. skal koma ný tafla sem skal vera svohljóðandi:

Vöruvalsdeild	Fjöldaviðmið
B1, B3 og B4	100
F1, S1 og S2	100
V1, V2 og V3	200

6. gr.

Fella skal út orðin „sbr. þó ákvæði 15. gr.“ í 13. gr.

7. gr.

Fella skal út orðin „sbr. þó ákvæði 15. gr.“ í 14. gr.

8. gr.

Fella skal út 15. gr. og töflu sérstakra vörudeilda sem fylgir reglunum sem fylgiskjal skv. b lið 15. gr.

9. gr.

Í stað töflu í 2. mgr. 16. gr. skal koma ný tafla sem skal vera svohljóðandi:

Vöruvalsdeild	Lágmarksfjöldaviðmið
B1, B3 og B4	4
F1, S1 og S2	2
V1, V2 og V3	4

10. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 15. janúar 2021,

Sigrún Ósk Sigurðardóttir